

Áfangalýsing – Rekstrarhagfræði

Menntaskóli Borgarfjarðar

Námsgrein: HAG 1A04 (REK 102)

Fjöldi eininga: 4

Undanfari: enginn

Lýsing á efni áfangans:

Í þessum byrjunaráfanga er fjallað um rekstur fyrirtækja og umhverfi þeirra. Farið er yfir helstu þætti sem varða innra skipulag og ytri aðstæður fyrirtækja. Nemendur kynnst grunnþáttum rekstrarhagfræði. Lögð er áhersla á að nemendur kunni skil á uppbyggingu fyrirtækis sem efnahagsheildar, framleiðsluháttum og starfsgrundvelli, staðarvali, stefnumótun, markmiðssetningu, kostnaðargreiningu og samkeppni. Fjallað er um framleiðslu og afköst, tæki og mannafla, tekjur, kostnað og afkomu. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér þá þekkingu sem þeir hafa af eigin reynslu í atvinnulífinu. Nemendur þurfa að geta nýtt sér netið til upplýsingaöflunar.

Kennslugögn:

Rekstrarhagfræði fyrir framhaldsskóla, verkefnabók í rekstrarhagfræði, Helgi Gunnarsson
Efni frá kennara.

Námsmat:

Fjögur próf, hvert gildir 10% eða alls 40 %

Tíu einstaklings- og hópverkefni, hvert gildir 6% eða alls 60 %

Nemandi þarf að ná 4,5 að meðaltali í fjórum könnunum til að verkefni gildi

Nemandi þarf að ná 4,5 að meðaltali í tíu verkefnum til að kannanir gildi

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér grunnþekkingar og skilnings á:

- grundvallarhugtökum rekstarhagfræði
- Framleiðslu og innra skipulagi
- rekstaráætlanagerð, fjármögnun og framlegð
- verðútreikningi afurðar

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- útskýra grundvallarhugtök rekstarhagfræði
- þekkja grunnþætti framleiðslu og innra skipulags
- vinna með grunnþætti í rekstaráætlanagerð, fjármögnun og framlegð í rekstri fyrirtækja
- vinna með verðútreikning afurða

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita grundvallarhugtökum hagfræðinnar
- reikna með einföldum dæmum fjárhagslega afkomu fyrirtækja
- gera einfalda rekstraráætlun
- reikna út einföld dæmi um framlegð fyrirækja